

Annar fundur Delta - deildar starfsárið 2016 - 2017, haldinn í Snorrastofu í Reykholti, Borgarfirði, 24. nóvember 2016, kl 18.00.

Mættar: Guðlaug Sverrisdóttir, Brynja Helgadóttir, Sóley Sigurpórsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Dagný Emilsdóttir og Ásta Egilsdóttir.
Gestur: Sara Margrét Ólafsdóttir

Forföll boðuðu Jóhanna Karlsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Inga Stefánsdóttir, Gyða Bergpórsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Kristín Thorlasíus, Þórunn Reykdal og Ingibjörg Konráðsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Guðlaug Sverrisdóttir formaður setti fund, bauð félagskonur og gesti velkomna, kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og viðhafði nafnakall.
Sóley Sigurpórsdóttir skilaði kveðju frá Kristínu Thorlasíus sem komst ekki á fundinn.
2. Bar hún fundarkonum því næst kveðju frá Huldu ... sem boðaði forföll vegna óviðráðanlegra aðstæðna en inntaka hennar í Delta - deild var áætluð þetta kvöld.
Inntöku nýrra félaga verður frestað fram á næsta starfsár
3. Sóley sagði frá því að búið væri að ganga frá málum varðandi sumarbústaðinn Lambalæk en þar munum við halda fund 31. mars - 1. apríl 2017.
4. Guðlaug formaður ræddi starfsemi DKG, markmið samtakanna, stefnu og sýn ásamt merkingu lita og tákna DKG. Hún minnti einnig á að Evrópuþing DKG 2019 verður að öllum líkindum haldið á Íslandi.
Guðlaug sagði að framundan væri að senda pistil um hauststarfið í fréttabréf DKG og að útgáfunefnd leitaði að tveimur konum úr hverri deild til að svara eftirfarandi spurningum:
 - a. Hvað hefur það gert fyrir þig að vera í DKG?
 - b. Hvert vil ég sjá samtökin stefna.
5. Ásta Egils las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
6. Jónína Eiríksdóttir verkefnastjóri í Snorrastofu fjallaði um Reykholt og gildi staðarins fyrir menningu okkar og arfleifð. Fór hún yfir lífshlaup Snorra Sturlusonar og hvernig andi hans og saga staðarins hefur haft mótandi áhrif á viðhorf þeirra er búið hafa á staðnum í gegnum aldirnar. Án Snorra hefðu húsakynni staðarins, þ.á.m. Snorrastofa, aldrei risið, húsakynni sem hafa umvafið félagsskapinn okkar svo vel að við hittumst þar ár hvert er líður að aðventu. Umfjöllunin um Snorra leiddi svo huga Jónínu að bókmenntaarfinum og bókaskápnum hennar sem geymir uppáhaldsbækur hennar úr barnæsku. Þeirra á meðal er bókin Sagan hans Hjalta litla eftir Stefán Jónsson sem hún las úr bráðskemmtilegan kafla sem tengist undirbúningi jóla. Í upphafi máls síns ræddi Jónína nýafstaðnar kosningar í Bandaríkjunum og taldi niðurstöður þeirra frekar vekja upp spurningar um fyrirmyndir og annað sem mótir lífsafstöðu okkar frekar en pólitík og spurði í lokin hvort þankagangur Donalds Trump væri annar ef hann hefði lesið bækur Stefáns Jónssonar.
7. Þá var komið að máltíð kvöldsins en það var ljúffengur kjúklingaréttur og sögur í nýjum búningi sem Dagný Emilsdóttir móttökustjóri Gestastofu töfraði fram.
8. Happraðtti kvöldsins var fært í nýjan búning sem fólst í því að skrattast saman í Gullu-pottó! Jónína fékk vinninginn en hinar fengur eðalsúkkulaðimola í sárabót.

9. Að því loknu var farið í Reykholtskirkju en þar fræddi Dagný Emilsdóttir okkur um kirkjuna, hljóðfærin í kirkjunni og um steindu gluggana. Árið 1992 var efnt til samkeppni um gerð glugganna og urðu tillögur Valgerðar Bergsdóttur myndlistarmanns fyrir valinu. Sótti hún efnivið í Jóhannesarguðspjall og sólarljóð en glerið í gluggunum er svokallað opaque - gler sem breytir litum eftir því hvernig birtan fellur á það.
10. Samveru kvöldsins lauk með því fundarkonur sungu Hátíð í bæ við undirleik Jónínu Örne en þetta var „Lagið mitt“ sem Guðlaug valdi að þessu sinni. Hátíðlegur endir á hátíðlegum fundi.
11. Guðlaug sleit fundi og færði þeim Dagnýju og Jónínu rauðar rósir sem þakklæti fyrir undirbúning fundarins.

Ásta Egils
Ritari Delta - deildar 2016 - 2017